

EFTIRLITSSKÝRSLA

Becromal Akureyri



Dags eftirlits	13.8.2013	Fulltrúi UST	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Fyrirtæki	Becromal	Fulltrúi UST	
Heimili	Krossanesbraut	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	5902070120	Flokkur	Verksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Urszula Tlolka	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	540624,714 578699,611

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt frávik kom fram í eftirliti varðandi frárennismál skv. gr. 6 í starfsleyfi.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir reglubundnar mælingar síðasta árs skv. gr. 3.1. í starfsleyfi. Voru þær innan marka og koma niðurstöður þeirra fram í Grænu bókhaldi. Einnig var farið yfir niðurstöður mælinga þessa árs en búið er að mæla fyrir 3 ársfjórðunga. Allar niðurstöður eru innan marka. Mæliniðurstöður voru sendar eftirlitsaðila í tölvupósti eftir eftirlitið. Kvikasilfur skal mælt á 5 ára fresti í frárennsli skv. gr. 3.1. í starfsleyfi og var það síðast gert 2011. Á þessu ári hafa borist 8 tilkynningar v. pH gilda sem hafa verið utan marka. Tilkynningar hafa borist um leið og fráviksins verður vart ásamt útskýringum á orsök fráviksins. Af þessum tilkynningum voru 4 vegna breytinga sem gerðar voru við nýjan jöfnunartank sem tekinn var í notkun nú í apríl. Auðveldara er nú að stjórna pH gildi frárennslisins og ættu frávik vegna pH gilda nú að vera úr sögunni. Listað er upp í græna bókhaldinu dagsetningar pH frávíka og ástæður hvers fráviks fyrir sig.

Bent var á að í gr. 3.1. í starfsleyfi er kveðið á um að umhverfisskýrslu skuli skilað til UST fyrir 1. maí ár hvert sem og grænu bókhaldi og útstremisbókhaldi.

Viðbragðsáætlun hefur verið endurskoðuð og var afrit af henni sent eftirlitsaðila í tölvupósti þann 14. ágúst sl.

Farið var yfir frávik síðasta árs en skv. gr. 6 í starfsleyfi er ákvæði um að frárennsli skuli veitt eigi síðar en 1. ágúst 2012 í fráveitukerfi Akureyrarbæjar um fyrir hugaða hreinsistöð í Sandgerðisbót. Nú liggur fyrir að Akureyrarbær hyggst ekki byggja þessa hreinsistöð á næstu árum og hefur þar með gert rekstraraðila ókleift að uppfylla þetta ákvæði. Enn er óljóst hvernig Akureyrarbær hyggst leysa frárennismálin á staðnum og á meðan sú óvissa ríkir getur rekstraraðili lítið gert í málinu. Það var því ákveðið að biðja eftir tillögum frá Akureyrarbæ sem leggja á fram þann 23. ágúst nk. og unnið út frá þeim niðurstöðum. Leitast verður við að leysa þetta mál eins farsælegra og hægt er en ljóst er að með þessum breytingum hjá Akureyrarbæ þarf rekstraraðili að öllum líkindum að sækja um nýtt starfsleyfi til Umhverfisstofnunar þar sem ákvæði 6. gr. verður breytt.

Gengið var um verksmiðjuna og hún skoðuð. Farið var í efnageymsluna og hún skoðuð sem og útisvæði. Engar athugasemdir komu fram við þá skoðun og svæðið vel frá gengið og snyrtilegt. Enga ammoniak lýkt var að finna í kringum verksmiðjuna.

Allt sorp er flokkað eins og hægt er og er geymsla þess á svæðinu mjög viðunandi.

Öllum gögnum sem skila á skv. starfsleyfi hefur verið skilað til eftirlitsaðila.

Frávik frá

Gr. 6 í starfsleyfi

Lýsing á frávik

Í 6. gr starfsleyfis segir að frárennsli skuli veitt eigi síðar en 1. ágúst 2012 í fráveitukerfi Akureyrarbæjar um fyrirhugaða hreinsistöð í Sandgerðisbót. Þetta ákvæði hefur ekki verið uppfyllt. Sjá nánari umfjöllun í eftirlitsskýrslu.

ATHUGASEMDIR

Engin athugasemd var gerð í eftirliti.

ANNAÐ

Bent var á að í 6. kafla (Loftmengun) í Grænu bókhaldi 2012 er tekið fram að umhverfismörk útblásturs ammoníaks sé 10 ppm við lóðamörk. Hið rétta er að 10 ppm mörkin gilda við útblástursrör.

Rætt var um að haldinn yrði samráðsfundur skv. gr. 4.9 í starfsleyfi í tengslum við eftirlit 2014. Rekstraraðili boðar til þessa fundar.


Allt sorp er flokkað og búið er að vinna skráningarform v. flokkunarinnar sem fylla þarf út við losun sorps. Einfaldar það allar skráningar og koma þessar skýrslur til með að vera aðgengilegar eftirlitsaðilum.

Vinna við ISO14001 er langt komin og reiknað með að hún verði kláruð næsta vor. Að þeirri vinnu lokinni er stefnt að því að huga að innleiðingu ISO18001 staðalsins.

Bent var á að öll gögn skuli senda á ust@ust.is sem og á netfang eftirlitsaðila.

Fulltrúi HNE, María Markhúsdóttir var einnig viðstödd eftirlitið.

Reykjavík, 09.09.2013



Guðbjörg Stella Arnadóttir

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.